

Tillaga til þingsályktunar

um útboð á rekstri heilsugæslustöðvar á Akureyri.

Flm.: Berglind Ósk Guðmundsdóttir, Njáll Trausti Friðbertsson,
Guðrún Hafsteinsdóttir, Ásmundur Friðriksson, Birgir Þórarinsson,
Hildur Sverrisdóttir, Haraldur Benediktsson, Diljá Mist Einarsdóttir,
Óli Björn Kárason, Bryndís Haraldsdóttir, Vilhjálmur Árnason.

Alþingi ályktar að heilbrigðisráðherra feli Sjúkratryggingum Íslands að bjóða út rekstur heilsugæslustöðvar á Akureyri.

Greinargerð.

Tillaga þessa efnis var áður flutt á 152. löggjafarþingi (672. mál).

Samkvæmt ákvörðun þáverandi heilbrigðisráðherra frá 7. nóvember 2019 verða opnaðar tvær nýjar starfsstöðvar heilsugæslu á Akureyri. Með því að bjóða út rekstur annarrar heilsugæslustöðvarinnar er tryggt að heimilislæknum standi einnig til boða að reka eigin þjónustu eins og aðrir sérfræðilæknar hafa kost á. Leiða má líkur að því að auknir valmöguleikar hvað varðar rekstrarform hafi í för með sér að auðveldara verði að fá heimilislækna til starfa á Akureyri, en oft hefur reynst erfitt að fá sérfræðinga, hvort sem á sviði læknisfræðinnar eða annarra sérfræðigreina, til starfa á landsbyggðinni og því mikilvægt að gera starfsumhverfi þeirra eins fjölbreytt og aðlaðandi og unnt er.

Þá hefur reynslan af einkareknum heilsugæslustöðvum verið góð og njóta þær almennt meira trausts en aðrar heilsugæslustöðvar, sbr. þjónustukönnun Maskínu fyrir allar 19 heilsugæslustöðvarnar á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 2021. Þar kom fram að allar fjórar einkareknu heilsugæslustöðvar höfuðborgarsvæðisins voru yfir meðaltali þeirra heilsugæslustöðva sem nutu mest trausts. Í sömu könnun var spurt um ánægju viðskiptavina með þá þjónustu sem heilsugæslustöðvarnar buðu upp á og var niðurstaðan aftur afgerandi, en einkareknu heilsugæslustöðvarnar fjórar röðuðu sér í fjölgur efstu sætin.

Kostir einkarekinna heilsugæslustöðva eru ótvíraðir og því full ástæða til þess að bjóða ekki einungis upp á þann kost á höfuðborgarsvæðinu heldur einnig að tryggja landsbyggðinni möguleika á að nýta sér þjónustu þeirra. Þann 4. júlí 2022 auglýstu Sjúkratryggingar Íslands eftir rekstraraðila til að reka nýja heilsugæslustöð í Reykjanesbæ. Því er kjörið tækifæri að halda þessari þróun áfram í átt að öflugri heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni.